

## AUGLÝSING

Skrá yfir þau störf sem eru undanskilin verkfallsheimild, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna með síðari breytingum, en falla undir 3.-8. tölulið 1. mgr. Um er að ræða öryggismönnun á hverri deild fyrir sig svo hægt sé tryggja að íbúar og þjónustuþegar á Hrafnistu fái viðeigandi hjúkrun, heilbrigðisþjónustu og að öryggi þeirra sé tryggt.

Mönnun almenns starfsfólks í verkfalli

	Mönnun í verkfalli		
	Dagvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
<strong>Hraunvangur</strong>			
Bylgjuhraun	13	11	2
Ölduhraun	13	11	2
Báruhraun	13	11	2
Sjávar- og Ægishraun	10	8	2
Borðsalur	6	3	
<strong>Samtals</strong>	<strong>55</strong>	<strong>44</strong>	<strong>8</strong>
<strong>Ísafold</strong>	15	15	4
<strong>Samtals</strong>	<strong>15</strong>	<strong>15</strong>	<strong>4</strong>

Skráin öðlast gildi frá birtingu auglýsingar

Reykjavík, 15. janúar 2026

---

María Fjóla Harðardóttir  
Forstjóri Hrafnistu

## Rökstuðningur fyrir mönnun komi til verkfalls

Hlutverk hjúkrunarheimila er að búa einstaklingum, sem ekki geta dvalið á eigin heimili með viðeigandi stuðningi, dvöl og aðstoð við athafnir daglegs lífs og veita þeim viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þegar lífslok nálgast er það einnig hlutverk hjúkrunarheimila að veita líknandi meðferð og meðferð við lífslok. Þjónustan skal byggjast á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum íbúans og miða að því að mæta þörfum hans og stuðla að bestu mögulegu lífsgæðum, sjá lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Meginviðfangsefni hjúkrunarheimila er að veita langtímahjúkrun, aðhlyningu og umönnun og félagslegan stuðning á faglegan og ábyrgan hátt af umhyggju og virðingu fyrir íbúa og fjölskyldu hans.

Til vistunar á Hrafnistuheimilunum þarf hver íbúi að hafa verið metinn af færni- og heilsumatsnefnd um þörf á þeirri hjúkrun sem þar er veitt. Íbúar á Hrafnistuheimilunum eru margir fjölveikir, bráðveikir, hreyfiskertir, heilabilaðir, með skert innsæi á eigið öryggi og jafnvel á líknandi meðferð og þurfa sólarhrings hjúkrun og fjölþætta umönnun.

Starf almenns starfsfólks á Hrafnistuheimilunum er mikilvægt og störf þeirra fjölbreytt frá því að sinna, styðja við og veita íbúum viðeigandi umönnun, heilbrigðis- og öryggisþjónustu til þess að sinna ýmiskonar stoðþjónustu svo hægt sé að veita heimilismönnum viðeigandi heilbrigðisþjónustu út frá markmiðum og gildum Hrafnistu. Almenn starfsfólk á Hrafnistu vinnur við aðhlyningu og í eldhúsi. Eðli starfa almenns starfsfólks á Hrafnistuheimilunum er að veita íbúum hjúkrun og viðeigandi stuðning við daglegar athafnir og búa til heimilislegt umhverfi svo þeim líði sem best.

Að þeim sökum er afar brýnt að undanþága sé veitt fyrir umbeðin störf svo hægt verði að tryggja lágmarks heilbrigðisþjónustu og hjúkrun.

Óskað er eftir rökstuddum athugasemdum / samþykki Verkalýðsfélagsins Hlífar á þessum tillögum.